



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. október 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi vörur sem tengjast orkunotkun

Samtök iðnaðarins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (hér eftir „**samtökin**“) vísa til tölvupósts frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 15. október sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi vörur sem tengjast orkunotkun, nr. 72/1994, með síðari breytingum (orkumerkingar), 12. mál.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið sendu samtökin umsögn um drög að frumvarpinu þegar þau drög voru birt til umsagnar inni á samráðsgátt Stjórnarráðsins. Að gefnu tilefni óska samtökin hér með eftir að ítreka afmarkaðan þátt í tilvitnaðri umsögn samtakanna eins og nánar verður vikið að hér að neðan.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er markmið þess að innleiða með tilhlýðilegum hætti reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017, um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB. Alþingi staðfesti ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2019 frá 29. mars 2020 þann 8. janúar 2020 og aflétti þar með stjórnskipulegum fyrirvara af hálfu Íslands. Samtökin benda á að framangreind reglugerð nr. 2017/1369, sem og forverar hennar, þ.e. tilskipanir sama efnis, er hluti af aðgerðum ESB til að ná markmiðum sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þ.a.l. einnig hluti af loftslagsstefnu sambandsins. Einnig er með þessum EES-gerðum stefnt að umbreytingu í orkumálum sambandsins með því að ýta undir bætta orkunýtni með því að veita neytendum upplýsingar um orkunotkun ýmissa vara.

Í þessu samhengi, og með hliðsjón af markmiði viðeigandi EES-gerða um orkumerkingar, er rétt að ítreka þá staðreynd að staða Íslands í orkumálum er gjörólík flestum ríkjum sem eru aðilar að EES-samningnum, en hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa er hér mun hærra en almennt gengur og gerist. Þannig er t.d. 99,9% af raforkuþörf Íslendinga uppfyllt með raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, hlutfall sem seint verður náð af ríkjum ESB þar sem sambærilegt hlutfall er að meðaltali rétt um 18%. Það sem hins vegar má segja að sé sambærilegt með Íslandi og þessum ríkjum er hlutfall orkugjafa í samgöngum, en umrædd tilskipun tekur hins vegar ekki til samgangna, sbr. b-liður 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 2017/1369. Í ljósi þessara aðstæðna má ætla að efni reglugerðarinnar hafi takmarkað gildi á Íslandi, þ.e. er viðkemur markmiði reglugerðarinnar hjá ríkjum ESB. Þegar sleppir sérstöðu Íslands í orkumálum stendur eftir það markmið tilskipunarinnar að upplýsa neytendur um orkunotkun vöru. Slíkar samræmdar upplýsingar aðstoða neytendur við að taka upplýsta ákvörðun um kaup á vörum út frá orkunotkun og öðrum eiginleikum.



Að mati samtakanna standa rök ekki til annars en að innleiða þau ákvæði reglugerðar nr. 2017/1369 líkt og gert hefur verið hvað varðar innleiðingu á ákvæðum forvera hennar í samræmi við skuldbindingar aðila innri markaðar EES-samningsins. Eins og samtökin ítrekuðu í umsögn sinni um drög að frumvarpi þessu leggja samtökin ríka áherslu á að það sé gert með eins einföldum hætti og hægt er og að kostnaði fyrir fyrirtækin haldið í lágmarki. Benda samtökin á að ef viðhalda á þeirri kröfu um að merkimiðar séu á íslensku, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 72/1994, þá sé heppilegast að stjórnvöld sjái til þess að íslensk útgáfa merkimiðanna sé öllum upplýsingaskyldum aðilum aðgengileg. Hér má benda á að merkimiðar fyrir söluaðila í aðildarríkjum ESB eru aðgengilegir á heimasíðu framkvæmdastjórnar ESB (<https://ec.europa.eu/energy/en/topics/energy-efficiency/energy-label-and-ecodesign/energy-label-templates>).

Í 5. kafla frumvarpsins er umfjöllun frumvarpshöfunda um framangreinda ábendingu um að stjórnvöld sjái til þess að íslensk útgáfa merkimiða sé aðgengileg upplýsingaskyldum aðilum og segir í kaflanum að þeirri ábendingu hafi verið komið á framfæri við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem fer með framkvæmd laganna. Samtökin fagna því að með þeim hætti hafi verið tekið undir ábendingu samtakanna þess efnis. Eftir sem áður ítreka samtökin mikilvægi þess að kveðið verði á um skyldu stjórnvalda til að hafa slíka merkimiða aðgengilega, sbr. framangreind framkvæmd innan ESB, og leggja samtökin því til að kveðið verði á um slíkt, hvort sem það er hlutverk Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eða annarra stjórnvalda, í fyrirliggjandi frumvarpi.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp til laga. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka iðnaðarins

Lárus M. K. Ólafsson

F.h. Samtaka verslunar og þjónustu

Benedikt S. Benediktsson